

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 125/2008**

**frá 7. nóvember 2008**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2008 frá 26. september 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 18v (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 453/2008) í XXI. viðauka við samninginn:

„18w. **32008 R 0452**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 frá 23. apríl 2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, nema að því er varðar gögn um **grunnskólastig**.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 452/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öð last gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 37, og EES-viðbæti nr. 70, 20.11.2008, bls. 26.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 227.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.